

um frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefur skoðað þetta stjórnarfrumvarp. Meiri hl. n. mælir með samþykkt þess. En ég sé þess enga þörf og legg til, að frv. verði fellt.

Aðalbreytingin, sem lagt er til í frv. að verði gerð á gildandi lögum, er að fjölga mönnum í stjórn Seðlabankans úr 5 í 8, og á einn af viðbótarmönnum að verða bankastjóri.

Ekki er hægt að koma auga á það, að nokkur minnsta þörf sé að fjölga stjórnendum bankans. Og ríkisstjórnin þarf ekki að fá lögum breytt til þess að geta ráðið yfir Seðlabankanum. Þau yfirráð hefur hún, þó að stjórn bankans sé skipuð með þeim hætti, sem nú er. Það kom glögg í ljós í fyrra, að meiri hluti stjórnar bankans starfaði í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar og fór eftir hennar fyrir-mælum.

Í athugasemdum með efnahagsmálafrumvarpi sínu á þinginu í fyrra kvaðst ríkisstjórnin hafa í hyggju að gera ráðstafanir til þess „að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands“, og til þess að ná þessu marki sagðist stjórnin m. a. ætla að beita sér fyrir því, „að nokkur hluti innlánsaukningar hjá hönkum og sparisjóðum, þar á meðal innlánsdeildum kaupfélaga, verði bundinn í Seðlabankanum.“

Eftir fyrirmælum ríkisstjórnarinnar tók meiri hluti stjórnar Seðlabankans þá ákvörðun og tilkynnti innlánsstofnunum með bréfi 18. maí 1960, að ákveðinn hluti af innstæðuaukningu, sem hjá þeim kynni að verða á því ári, skyldi greiddur inn á bundinn reikning eða innlánsskirteini í Seðlabankanum.

Fyrirskipun þessi var byggð á ákvæði í 16. gr. landsbankalaganna, þar sem segir, að stjórn Seðlabankans sé heimilt að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í Seðlabankanum. Það heimildarákvæði mun hafa verið sett til þess, að unnt væri að grípa í taumana, ef sú hætta væri yfirvofandi, að einhver innlánsstofnun, sem hefði náð til sín miklu sparifé, ráðstafaði því þannig, að valdið gæti óheppilegum áhrifum í fjármálalífina. Ekki mun menn þá hafa óráð fyrir því, að slík heimild yrði nokkru sinni misnotuð þannig, að samkvæmt henni yrði þess krafizt, að innlánsstofnanir, sem hafa svo lítið fé í sínum vörzlum, að alls engri röskun getur valdið í fjárhagsmálum þjóðarinnar í heild, létu af höndum hluta af sínu sparifé til bindingar í Seðlabankanum, þó að brýn þörf væri fyrir peningana í heimahéruðum stofnananna. Heimildin var heldur aldrei notuð fyrr en í fyrra, eftir að núverandi ríkisstjórn var sett að völdum. Þá var það einnig eitt af hennar fyrstu verkum að fá því fram komið með aðstoð sinna liðsmanna á Alþingi, að frammanefnd heimild til innstæðubindingar skyldi einnig ná til innlánsdeilda kaupfélaganna.

Og nú hefur Seðlabankinn gefið út nýtt bréf til innlánsstofnana, dags. 19. jan. 1961, á grundvelli þeirrar samþykktar, sem meiri hluti bankastjórnarinnar gerði í fyrra eftir fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Þar eru m. a. birtar reglur um bindingu innstæðna í Seðlabankanum frá og með 1. jan. 1961. Þar segir fyrst, að af heildarinnstæðuaukningu á hverjum þriggja fyrstu ársfjórðunganna skuli innlánsstofnanir greiða 30% inn á bundinn reikning í Seðlabankanum. Þetta á þó ekki að ná til innlánsstofnana, sem hafa minna en 5 millj. kr. í innlánsfé í byrjun ársins. — Í öðru lagi eru fyrirmæli í bréfinu um, að lágmarksbinding innstæðufjár á hverjum þriggja fyrstu ársfjórðunganna skuli þó vera 1% af heildarinnstæðum í byrjun ársfjórðungsins, hver sem breyting innlána er, og nær þetta til allra innlánsstofnana, hvort sem innstæður hjá þeim eru meiri eða minni en 5 millj. — Í fyrsta sinn eiga innlánsstofnanirnar að afhenda